

*fylgislýjal A.*

SKÝRSLA FRAMKVÆMDARÁÐS UM STARFSÁRIÐ 1990 - 1991.

Í 5. gr. starfsreglna Kvinnalístantans segir:

Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að:

- a) vera stefnumótandi í málefnum Kvinnalístantans milli landsfunda,
- b) styðja við starfsemi anganna,
- c) skipuleggja stórfundi og ráðstefnur,
- d) hafa yfirumsjón með fjármálum Kvinnalístantans,
- e) styðja við bakið á starfshópum og eiga frumkvæði að nýjum ef þurfa þykir,
- f) tilnefna konur til að koma fram fyrir hönd Kvinnalístantans í fjölmiðlum í málum er varða Samtökin í heild sinni,
- g) sjá um að bréfum og fjölmiðlum sé svarað.

Öllum þessum verkefnum reynir framkvæmdaráð að sinna eftir föngum, þótt segja megi, að a-liðurinn sé frekar í höndum þingflokksins.

Fundir framkvæmdaráðs eru að jafnaði kl. 17 - 19 á fimtudögum og oftár, þegar mikið er um að vera.

Fundina sitja starfskonur Kvinnalístantans, þingkona og fulltrúar anga. Í reynd eru þetta konur úr Reykjavík- og Reykjanesanga, en stundum rekast inn konur úr öðrum öngum, enda eru framkvæmdaráðsfundir öllum opnir eins og aðrir fundir Kvinnalístantans.

Öðru hverju er svo efnt til símafunda og annars konar samráðsfunda allra anga. Á síðastliðnu starfsári voru t.d. 5 samráðsfundir utan landsfundar og vorþings, þar af 2 símafundir.

Landsfundur 1990 var haldinn 2. - 4. nóv. að Hrafnagili í Eyjafirði, fjölsóttur og kraftmikill, enda kosningar í aðsigi. Undirbúningsnefnd skipuðu Elín Stephensen, Gunnhildur Bragadóttir og Sigurborg Daðadóttir, Norðurlandi eystra.

Vorþing var haldið í Skálholti 25. - 26. maí 1991. Konur í Suðurlandsanga sáu um praktíska hlið fundarins, en undirbúning dagskrár og framkvæmd hennar önnuðust Danfríður Skarphéðinsdóttir, Hafdís Benediktsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Sigrún Helgadóttir.

Starf framkvæmdaráðs frá síðasta landsfundi mótaðist mjög af undirbúningi undir alþingiskosningarnar, kosningabaráttunni, kosningunum sjálfum og eftirmálum þeirra.

Þegar gluggað er í fundargerðir má sjá, að fyrstu mánuði starfstímabilsins eru sífellt til umfjöllunar framkvæmdaatriði eins og prentun límniða, útvegur barmmerkja, hönnun bréfsefnis, áletranir á spegla og hversu mikið eigi að þanta af þeim, einnig um alls konar annan söluvarning, boli, penna, blöðrur, nærföt, spilastokka o.fl. o.fl.

Þá eru teknar ákvarðanir um prentun bæklingisins "Til þín" og um endurprentun stefnuskrár 1987 á ensku vegna stöðugrar eftirspurnar erlendis frá, auk þess sem ákveðið er að bæta inn í hana grænum fjórblöðungi með ýmsum upplýsingum á ensku um Kvinnalistan og kvennabaráttu liðinna ára.

Þá eru að sjálfsögðu teknar ákvarðanir um prentun nýju stefnuskrárinnar, útlit hennar, myndskreytingar, sem Sigríður Lillý annaðist, fjölda eintaka o.s.frv..

Blaðið PILSAPYTUR, sem Kvinnalistinn sendi inn á hvert heimili landsins í mars sl., er til umræðu á mörgum fundum og ýms framkvæmdaatriði í sambandi við það.

Happdrættið er oft á dagskrá, enda kostaði það mikla skipulagningu og umstang, sem skilaði í raun alls ekki tilætluðum árangri.

VERA er mikið til umræðu, þ.e.a.s. einkum fjárhagur hennar, en þær VERU-konur hafa eins og aðrar þurft að herða að sér, fækka starfskonum og auka sjálfboðavinnu.

Ljósritunarvælin er fastur liður á dagskrá nokkurra funda. Endar sú umfjöllun á þann eina rökrétta veg, að ákveðið er að fjárfesta í nýrri ljósritunarvél.

Öðru hverju berast boð og beiðnir um að senda konur á fundi og ráðstefnur í útlöndum til þess að kynna Kvennalistann. Lýst er eftir lysthafendum í Fréttabréfi, ef tími vinnst til. Framkvæmdaráð situr svo uppi með kvölina að velja úr umsækjendum eða finna konu til fararinnar, ef engin lýsir sérstökum áhuga. Er sá hópur erindreka Kvennalistans orðinn býsna stór.

Dæmi frá síðasta starfsári:

1.

Bryndís Pálmadóttir Reykjanesanga fór til Berlínar á vegum Kvennalistans á ráðstefnu kvenna um öryggi og samvinnu í Evrópu, sbr. 1. tbl. Fréttabréfsins á þessu ári.

2.

Sigrún Jóhannesdóttir Vesturlandsanga sótti ráðstefnu um stöðu kvenna og aðgerðir til þess að auka áhrif kvenna á Norðurlöndunum. Sú ráðstefna var haldin í Finnlandi í apríl á vegum Evrópudeildar alþjóðasamtaka kvenna, ECIVW, og flutti Sigrún þar erindi um Kvennalistann, sem var tekið með fögnuði að venju og leiddi m.a. til þess að formaður Evrópudeildarinnar kom hingað til lands í september og hélt fund með kvennalistakonum. Sigrún sagði frá ferð sinni í 8. tbl. Fréttabréfsins.

Auk þess berast jafnt og þétt fyrirspurnir utanlands frá og beiðnir um upplýsingar um Kvennalistann.

Enn ein hlið þessarar fræðslustarfsemi felst svo í heimsóknnum útlendinga. Algengt er að okkur berist bréf frá skipuleggjendum ferða hingað til lands, þar sem Kvennalistinn er eitt af því, sem viðkomandi hópur hefur áhuga á að kynna sér. Einnig kemur oft erlent fjölmiðlafólk, langoftast konur, og ennfremur fræðikonur, sem iðulega dvelja hér dögum, vikum og jafnvel mánuðum saman að afla sér efnis um þetta sérstaka fyrirbrigði, Kvennalistann á Íslandi.

Upplýsinga- og kynningarstarf hér innanlands er líka umfangsmikið. Kvinnalístin virðist vinsælt ritgerðarefni meðal námsmanna, og mikið er beðið um kynningar í skólum og þátttöku í fundum og ráðstefnum af öllu mögulegu tagi. Sérstaklega er mikið af slíku, þegar kosningar eru í nánd.

Eftir kosningar fór mikill tími í endurskipulagningu starfseminnar með tilliti til fjárhagsstöðunnar, sem eðlilega breyttist til hins verra. Nefnd fjárglöggra kvenna var sett í málið, og framkvæmdaráð reyndi svo eftir föngum að fylgja því starfi eftir.

Með miklum aðhaldsaðgerðum tókst að fresta dýrum lántökum fram í september, en þá máttu konur axla sín skinn og arka á fund bankastjóra. Kvinnalístin verður því rekinn á lánunum a.m.k. fram í febrúar á næsta ári, þegar von er á árlegum fjárstyrk.

Mikils sparnaðar hefur verið gætt í öllum efnum, en mest munar um fækkun í starfsliði og lækun húsnæðiskostnaðar. Samningar tókust við húseigendur á Laugavegi 17 um nokkra lækun húsaleigu, og fækkað hefur verið í starfsliði um heilt stöðugildi.

Miklar breytingar urðu í starfskvinnaliði á starfsárinu. Sigrún Jónsdóttir hætti skömmu eftir áramótin. Kristín Árnadóttir starfaði hjá Kvinnalístanum í janúar - júní. Ingibjörg Hafstað hætti í byrjun október, og Drífa H. Kristjánsdóttir kom í hennar stað.

Drífa ræður sem sagt ríkjum á Laugavegi 17 og sér m.a. um fjármál Kvinnalístans, en Kristín Halldórs hefur aðsetur hjá þingflokknunum í Austurstræti 14, þótt hún starfi einnig fyrir heildina og sér m.a. um Fréttabréfið.

Kristín gegnir fullu starfi, en Drífa hálfu. Viðvera á Laugavegi 17 hefur verið stytta í 3 klukkustundir á dag.

Með bestu kveðjum,

*Unnur Halldórs dóttir*